

## Verðfyrirspurn nr. 23002

### Heiti verkefnis: Gangstétt og lýsing við Mánabraut

Mýrdalshreppur óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við gangstétt og lýsingu Mánabraut í Vík í Mýrdal. Verkið felst í gerð gangstéttar og uppsetningu nýrrar lýsingar og skal framkvæmdum lokið haustið 2023. Verðfyrirspurn þessi er auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.

### Umsjónaraðili verðfyrirspurnar

Mýrdalshreppur, Austurvegi 17 – Vík

Sími: 4871210

Verkefnastjóri: George Frumuselu, skipulags- og byggingarfulltrúi

Netfang: bygg@vik.is

- Verðfyrirspurn send út: 4. maí 2023
- Fyrirspurnarfrestur: 11. maí 2023
- Svarfrestur: 15. maí 2023
- Skilafrestur: 19. maí 2023
- Afhendingartími: Vinnu skal lokið fyrir 30. september 2023.

Hafi bjóðandi fyrirspurnir varðandi verðfyrirspurn þessa skulu þær sendar á ofangreint netfang og verður þeim svarað fyrir 12. maí 2023. Svör við fyrirspurnum verða birt á: <https://www.vik.is/is/thjonusta/skipulags-og-byggingamal/framkvaemdir>

Bjóðendur skulu skila tilboðum sínum á rafrænu formi í tölvupósti á [bygg@vik.is](mailto:bygg@vik.is) merkt: Verðfyrirspurn 23002, Mánabraut

Skyldubundnar útilokunarástæður 68. gr. laga um opinber innkaup ( OIL ) eiga við um bjóðanda. Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum um skil á opinberum gjöldum og lífeyrissjóðsiðgjöldum hjá þeim aðila sem verður valinn og áskilur sér rétt til að hafna tilboðum frá aðilum sem ekki uppfylla kröfur með tilliti til valkvæðra útilokunarástæðna 68. gr. OIL.

Forsendur fyrir vali á tilboðum eru hagkvæmustu kaup, þ.e. mat á þeim gæðum og verkþáttum sem boðin eru til móts við verð. Um þessi innkaup gilda bæði 24. grein og 2. mgr. 29. gr. laga um opinber innkaup.

Ef tilboði verður tekið er kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

## Umfang verðfyrirspurnar

### 1. Gangstétt við Mánabraut 2-14

- fjarlægja skal gamla gangstéttina og farga þeim
- gera við niðurföll í götu þar sem þörf krefur
- fjarlægja skal gömlu ljósastaura og farga þeim
- 6 nýir ljósastaurar með LED lýsingu ásamt tengingar verða reist við götuna
- innkeyrslur skulu vera í samræmi við lóðarhafa
- gangstétt verður 1,6 m breið með staðsteyptum kantsteini
- gangstéttin verði staðsett eins og sýnt er hér að neðan. Lengd ca. 165 m



Kaupandi áskilur sér rétt til þess að óska eftir upplýsingum sem geta sýnt fram á hæfi bjóðanda. Miðað skal við að ársvelta bjóðanda sé ekki undir 50 milljónum króna og að hann geti sýnt fram á að hafa áður skilað af sér sambærilegu verki vandkvæðalaust.

Kaupandi áskilur sér rétt til að krefjast tafabóta kr. 30.000- fyrir hvern almanaksdag sem dregst að ljúka verkinu umfram tilgreindan afhendingartíma, 30. september 2023. Þetta gildir í öllum tilvikum nema að samið hafi verið af einhverjum ástæðum um framlengingu á verktíma.

## Val tilboðs/valforsendur

Val tilboðs grundvallast á lágsta verði skv. tilboði í hið boðna.

Kaupandi áskilur sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum.

## Verð

Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld sem hljóttast af vegna verksins, hverju nafni sem þau nefnast, þar með talinn rekstrarkostnað. Samningsfjárhæðir eru með virðisaukaskatti.